

*Alþingi
Erindi nr. P 126/1269
komudagur 19. 2. 2001*

Til nefndarsviðs Alþingis
heilbr. og trygginganefnd
Þórshamri v. Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. febr. 2001

Landssambandi eldri borgara hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um tóbaksvarnir.

Stjórn Landssambandsins hefur fjallað um málið og sýnist flest það sem lagt er til í frumvarpi þessu um breytingar á núgildandi löggjöf stefna mjög til bóta.

Einkum þó það sem stefnir að forvörnum gegn óbeinum reykingum og að það skuli eiga að verja meira fé til fræðslustarfa.

Stjórnin hirðir ekki um að benda á ýmislegt í einstökum greinum sem umræða kom upp um að orða mætti með öðrum hætti.

En um málið í heild leggur hún eindregið til að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllst
f.h. Landssambands eldri borgara


Benedikt Davíðsson